

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. janúar 2017.

Efni: Krafa um gögn og rökstuðning fyrir ákvörðun um að stytta gildistíma tollkvóta fyrir innfluttar búvörur

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 20. desember 2016, þar sem gefnar eru skýringar á breyttu fyrirkomulagi á úthlutun tollkvóta, sem Félag atvinnurekenda mótmælti með tölvupósti 22. nóvember 2016.

Af svörum ráðuneytisins má ráða að nýtt fyrirkomulag, þar sem útboðum er fjölgað og gildistími tollkvóta stytur um helming, sé til hagsbóta fyrir innflytjendur. FA getur, sem hagsmunasamtök margra innflytjenda búvara, staðfest að svo er ekki og að hið gagnstæða eigi við, þ.e. að nýtt fyrirkomulag sé til verulegs tjóns.

Í ljósi svara ráðuneytisins er hér með óskað eftir eftirfarandi rökstuðningi með vísan til ákvæða stjórnáráðslulaga:


- hvaða gögn og rannsóknir á hagsmunum aðila lágu fyrir áður en umrædd ákvörðun var tekin?
- við hvaða aðila var haft samband áður en umrædd ákvörðun var tekin?
- hvaða aðilar lögðu það til við ráðuneytið að umrædd breyting ætti sér stað?
- hvaða rannsóknir fóru fram á röskun á réttmætum væntingum þeirra aðila sem kerfið tekur til um að njóta áfram sama starfsumhverfis?

Í ljósi svara ráðuneytisins er hér með jafnframt óskað eftir eftirfarandi gögnum með vísan til ákvæða upplýsingalaga:

- afriti af öllum vinnugögnum, þ.m.t. útreikningum, fundargerðum og öðrum skjölum sem snerta framangreinda ákvörðun.
- samskipti aðila við ráðuneytið og samskipti ráðuneytisins við aðila er snerta umrædda ákvörðun.

Rétt er að fram komi að með vísan til ráðuneytisins hér að ofan er jöfnum höndum átt við ráðuneytið, nefndir á þess vegum, svo sem ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara, og undirstofnanir.

Virðingarfyllst,


Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA